

Alþingi
Erindi nr. P 138 / 2214
komudagur 12. 5. 2010

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **16.03.2010**
Málsnúmer: **EVR09100103**
Bréfalykill: **4.1**

Efni: Frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði

Ráðuneytinu hafa borist umsagnir við frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði sem nú liggur fyrir Alþingi. Er umfjöllun umsagna í einhverjum tilfellum almenns eðlis. Hér fer á eftir umfjöllun um efni ákveðinna greina og í lokin er fjallað um aðrar athugasemdir.

2. gr.

SFF leggur til að færa seinni másl. 4. tl. á annan stað í frumvarpinu þar sem um efnisreglu sé að ræða sem ekki eigi heima í orðskýringaákvæði.

Ráðuneytið telur réttilega á það bent að slík efnisregla eigi betur við í efnislegri umfjöllun um fagfjárfestasjóði og leggur til að 2. másl. 4. tl. verði að 2. másl. 1. mgr. 70. gr. (sjá umfjöllun um 70. gr).

SFF leggur til breytt orðalag í 5. tl. 2. gr.

Ráðuneytið tekur undir álit SFF og leggur til að ákvæðið hljóði svo:

„Rekstrarfélag: fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki og rekur sjóði um sameiginlega fjárfestingu skv. lögum þessum.“

SFF gerir athugasemdi við orðskýringu í 8. tölul. á peningamarkaðsskjali og telur óheppilegt að hún sé ekki sú sama og sett er fram í lögum um verðbréfavíðskipti.

Ráðuneytið tekur ekki undir sjónarmið SFF varðandi skilgreiningu á peningamarkaðsskjali. Skilgreiningin byggist á tilskipun um sjóði um sameiginlega fjárfestingu (UCITS), að viðbættum þeim skýringum sem fram koma í UCITS-tilskipun 2007/16 og ætlunin er að innleiða með þessu frumvarpi en hún er ekki fullkomlega samhljóða þeirri tilskipun (MiFID)

sem lög um verðbréfavíðskipti byggja á.

SFF gerir jafnframt athugasemdir við orðskýringar í 7. tölul., 10. og 11. tölul.

Ráðuneytið vísar sem fyrr til þess að umræddar orðskýringar byggja á UCITS-tilskipuninni sem er örlítið frábrugðin MiFID tilskipuninni sem lög um verðbréfavíðskipti byggja á. Ráðuneytið leggur á það áherslu að í athugasemdatexta við 10. og 11. tölul. þar sem fjallað er um að almennt væri ekki heimilt að binda hendur almenns fjárfestis til að fjárfesta fyrir ákveðna lágmarksupphæð, er fyrst og fremst verið að vísa til þess að gæta þarf meðalhófs í því að krefjast fjárfestingar fyrir tiltekna lágmarksupphæð. Vissulega geta verið ákveðin viðmið um lágmarksfjárfestingu í hvert sinn, t.d. 5000 kr. eins og SFF tiltaka í umsögn sinni og verður að telja að slíkt lágmark sé ekki óeðlilegt. Í ljósi þess að um er að ræða fjárfestingu almennings þá væri skilyrði um lágmarksupphæð sem hlypi jafnvel á milljónum króna nokkuð sem óeðlilegt væri að krefjast af almennum fjárfesti.

3. gr.

SFF telur að birting skár um fagfjárfestasjóði stangist á við þann áskilnað að slíka sjóði megi ekki markaðssetja til almennings.

Ráðuneytið er ósammála SFF um að ekki skuli birta skrá um fagfjárfestasjóði opinberlega. Enda þótt fagfjárfestasjóði megi aðeins markaðssetja til fagfjárfesta er engin ástæða til þess að halda vitneskju um sjóðina frá almenningi.

6. gr.

SFF leggur til að að Fjármálaeftirlitinu verði markaður tímafrestur til að tilkynna um það þegar fullnægjandi umsókn liggur fyrir.

FME leggur til að eftirlitið hafi allt að tveggja mánaða frest til þess að tilkynna rekstrarfélagi um staðfestingu verðbréfasjóðs í samræmi við ákvæði nýrrar tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu sem skal taka gildi í júlí 2011.

Ráðuneytið tekur undir með SFF að eðlilegt sé að gerðar séu kröfur til FME um ákveðna skilvirkni að því er varðar tilkynningu um að umsókn sé fullnægjandi. Í ljósi þess fellst ráðuneytið jafnframt á lengingu frestsins í 1. mgr. úr einum mánuði í tvo mánuði. Lagt er til að 1. og 2. mgr. 6. gr. hljóði svo:

„Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu staðfestingar skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það án tafar og eigi síðar en einum mánuði

eftir að umsókn barst þegar umsókn telst fullnægjandi.“

7. gr., 2. mgr.

FME telur rétt að veita eftirlitinu tveggja mánaða frest til þess að tilkynna um synjun umsóknar í stað eins mánaðar með sömu rökum og vísað er til í umfjöllun um 6. gr.

Ráðuneytið telur ekkert því til fyrirstöðu að fresturinn sé hinn sami hvort sem um er að ræða tilkynningu um veitta staðfestingu eða synjun. Því er lagt til að 2. mgr. 7. gr. hljóði svo:

„Synjun umsóknar skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan tveggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar.“

8. gr., 2. mgr.

FME leggur til að felld verði niður tilvísun til 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. þar sem það geti ekki átt við að veita hæfilegan frest til úrbóta þegar rekstrarfélag hefur brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögnum.

Ráðuneytið tekur undir þetta sjónarmið og leggur til að 2. mgr. 8. gr. hljóði svo:

„Áður en til afturköllunar kemur skv. 2. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.“

9. gr.

FME telur að orðalag 2. másl. 9. gr. sé óskýrt og leggur til annað orðalag.

Ráðuneytið telur að þessi athugasemd lúti að 3. másl. 9. gr. og setur sig ekki upp á móti því að orðalagi 3. másl. 9. gr. verði breytt sem hér segir:

„Markaðssetji rekstrarfélag verðbréfasjóð i öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið tilkynna afturköllunina lögbærum eftirlitsaðilum í viðkomandi ríki.“

14. gr., 1. mgr.

SFF gerir athugasemdir við orðalag 1. mgr. 14. gr. og telur að það megi skilja það svo að allir starfsmenn sem koma að rekstri sjóða skuli hafa próf í verðbréfavíðskiptum.

Ráðuneytið fellst á það að orðalagið má túlka óþarflega vítt og leggur til að eftirfarandi orðalag verði notað:

„Framkvæmdastjóri rekstrarfélags og sjóðstjórar skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.“

18. gr., 1. mgr.

SFF bendir á hugsanlegar málvillur í ákvæðinu.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við ábendingar SFF og leggur til að 2. og 3. másl. 1. mgr. 18. gr. hljóði svo:

„Rekstrarfélagi er þó aldrei heimilt að útvista öllum verkefnum skv. 17. gr. Meiri hluti verkefna skv. 1. tölul. 17. gr. skal unnin innan rekstrarfélags.“

30. gr.

FME telur að sá frestur sem veittur er í 2. tl. 30. gr. til skráningar nýútgefna verðbréfa sé of langur og leggur til að hann verði stytur í sex mánuði.

Ráðuneytið telur rétt að taka fram að fresturinn samkvæmt gildandi lögum er eitt ár og telur ekki að sú tímalengd hafi valdið vandkvæðum í framkvæmt hingað til. Ráðuneytið tekur því ekki undir sjónarmið FME og leggur til að ákvæðið standi óbreytt.

31. gr., 2. mgr.

SFF telur nýmæli í ákvæðinu binda hendur sjóðstjóra of mikið, þ.e. að verðbréfsjóði sé því aðeins heimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eigum á hverjum tíma, nema það sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa.

FME gerir athugasemd við orðalag ákvæðisins.

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til þess að breyta orðalagi ákvæðisins og telur það skýrara eins og það er orðað í frumvarpinu. Ráðuneytið tekur ekki undir athugasemdir SFF enda kemur fram í ákvæðinu og athugasemdum við það að heimilt er að fara yfir 10% mörkin ef það er til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Þeim áskilnaði var einmitt bætt inn í ákvæðið til þess að koma á móts við þær óvenjulegu ástæður sem hafa komið upp undanfarið að fjárfesting í reiðufé hefur skilað betri ávöxtun en aðrir fjárfestingarkostir.

32. gr., 1. mgr.

SFF er á móti styttingu frests til sölu yfirtekinna eigna.

Ráðuneytið telur fulla ástæðu til þess að stytta frestinn enda eiga sjóðirnir að losa sig sem fyrst við yfirteknar eignir og auk þess má óska eftir lengri fresti hjá Fjármálaeftirlitinu, sé það til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa.

35. gr., 8. og 9. mgr.

SFF gera ekki athugasemdir við efni ákvæðisins en vekja athygli á að meta þurfi sérstaklega hvaða áhrif lögfesting ákvæðisins muni hafa.

Ráðuneytið telur þessa athugasemd eiga fullan rétt á sér og telur heppilegt að endurskoðun á ýmsum ákvæðum laganna fari fram að nokkrum misserum liðnum.

37. gr., 3. mgr.

SFF telur að ekki eigi að setja hámark á meðallíftíma eignasafns peningamarkaðssjóða og leggja til að tíminn verði lengdur í 180 daga.

Ráðuneytið bendir á að peningamarkaðssjóðir teljast til skammtímafjárfestinga og telur því eðlilegt að umrædd krafa sé gerð. Ráðuneytið leggur því til að ákvæðið standi óbreytt.

39. gr.

FME leggja til að bætt verði við málsgrein þar sem fram komi að verðbréfasjóði sé óheimilt að fjárfesta meira en 25% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

Ráðuneytið staðfestir að í frumvarpsdrögum var ákvæði þessa efnis. Það var hins vegar ákveðið að taka ákvæðið út þar sem lítið var svo á að það fæli í sér of miklar takmarkanir á fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða enda gæti sú aðstaða komið upp að hagkvæmara væri að fjárfesta í sjóðum innan sama rekstrarfélags heldur en utan þeirra og þá myndi lögleiðing ákvæðisins geta leitt til þess að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa bæru skaða af reglunni. Ráðuneytið leggur því til að ákvæðið standi óbreytt.

40. gr., 2. mgr.

SFF leggur til að seinni hluti 2. tölul. 40. gr. verði felldur niður, þar sem áskilið er að verðbréfasjóður megi aldrei eignast meira en 25% í hverri útgáfu skuldabréfa einstakra útgefenda verðbréfa.

Ráðuneytið bendir sem fyrr á það sem segir í athugasemdum við ákvæðið að því er ætlað að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir verði notaðir til þess að fjármagna félög sem gefa út

skuldabréf með því að kaup upp öll skuldabréf í einstakri skuldbréfaútgáfu og fjármagna þannig viðkomandi félag. Ráðuneytið viðurkennir að hér er um að ræða takmörkun á fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða en telur þó ekki ástæðu til þess að breyta ákvæðinu. Að því er varðar töluleg viðmið þá yrði í upphafi miðað við útboðsfjárhæðina, þ.e. nafnverð en síðar yrði sjóðurinn að halda sig innan 25% markanna á hverjum tíma miðað við heildarverðmæti útgáfunnar.

41. gr.

FME leggur til að færa 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins yfir í 2. mgr. 41. gr. þar sem ákvæðið eigi betur heima þar sem fjallað er um fjárfestingarheimildir.

Ráðuneytið telur að þar sem ákvæðið fjallar um lántöku verðbréfasjóðs eingöngu til þess að standa straum af innlaun hlutdeildarskírteina þá sé það betur staðsett í kafla E sem fjallar um innlaun hlutdeildarskírteina.

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið FME varðandi túlkun á heimild verðbréfasjóðs til þess að veita verðbréfalán og bendir á að í ákvæðinu er FME heimilað að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

43. gr.

SFF leggur til að FME verði heimilt að veita lengri frest til úrbóta ef fjárfesting hefur farið fram úr leyfilegum mörkum, t.d. ef sjóður hefur keypt auðseljanlega eign sem síðar verður óseljanleg.

Ráðuneytið lítur svo á að heimild FME til þess að veita lengri frest, sé það í þágu hlutdeildarskírteinishafa, sé til staðar í ákvæðinu og telur því ekki tilefni til breytinga á ákvæðinu.

44. gr.

FME gerir athugasemdir við orðnotkun í 1. tölul. 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins og telur réttara að tala um sjóði um sameiginlega fjárfestingu í stað þess að tala um fyrirtæki í sameiginlegri fjárfestingu.

Ráðuneytið tekur undir þetta álit FME og leggur til að notað verði orðalagi: „sjóði um sameiginlega fjárfestingu...“

51. gr

FME bendir á að réttara væri samhengisins vegna að staðsetja heimild FME til þess að kveða á um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum í reglugerð, í 52. gr. frumvarpsins sem kveður nánar á um innihald útboðslýsinga.

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið FME og leggur til að 4. mgr. 51. gr. verði flutt yfir í 52. gr. og yrði þar 8. mgr. greinarinnar.

IV. kafli

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um hlutafélagssjóði en svo nefnast þeir fjárfestingarsjóðir sem eru reknir sem hlutafélög og gefa út hlutabréf. Hlutafélagssjóðir eiga það sammerkt með fjárfestingarsjóðum að þeir eru markaðssettir til almennings og því er nauðsynlegt að rík neytendavernd sé til staðar vegna starfsemi þeirra. Eins og fyrr segir eru þeir hins vegar reknir sem hlutafélög og lúta því t.d. hlutafélagalögum eftir því sem við á, einkum að því er varðar rekstarformið. Ekki hefur verið stigið það skref að skilyrða rekstur þeirra við að vera reknir af rekstrarfélagi enda er um hlutafélag að ræða. Hlutafélagssjóðir þurfa að uppfylla ítarleg skilyrði til þess að fá starfsleyfi og er það veitt af Fjármálaeftirlitinu. Sjóðir sem þessar starfa á grundvelli samþykktar sinna en ekki reglna eins og áskilið er um verðbréfasjóði og aðra fjárfestingarsjóði.

Hér fara á eftir helstu athugasemdir og breytingatillögur sem ráðuneytið óskar eftir að tillit verði tekið til við þinglega meðferð málsins. Vakin er atygli á því að ráðuneytið telur tilefni til þess að ákvæði um hlutafélagssjóði hljóti ítarlega endurskoðun næst þegar lögin verða tekin til endurskoðunar. Ákvæði gildandi laga um þessa tegund sjóða hefur lítið sem ekkert verið beitt í framkvæmd þar sem engir sjóðir á þessu formi hafa verið reknir á gildistíma laganna.

61. gr.

Lagt er til að herða nokkuð kröfur til gagna sem fylgja skulu starfsleyfisumsókn hlutafélagssjóðs og gera nánast sömu kröfur og gerðar eru til starfsleyfis fyrir rekstrarfélög. Lagt er til að skilyrt sé að hlutafélagssjóður geri samning við vörslufyrirtæki, að upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur liggi fyrir og að fyrir liggi staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár eða stofnfjár. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo:

„Umsókn hlutafélagssjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Upplýsingar um stofnun hlutafélags og staðfesting endurskoðanda á fjárhæð innborgaðs hlutafjár.

2. Samþykktir félags.

3. Útboðslýsing.

4. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram hvernig fyrirhugaðri starfsemi verður sinnt.

5. Upplýsingar um vörslufyrirtæki,

6. Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra og endurskoðanda.

7. Staðfesting á að framkvæmdastjóri hafi lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

8. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur sem hafa yfir að ráða virkum eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki í fyrirhuguðum

fjárfestingarsjóði og hlut hvers þeirra um sig.

9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirhugaðs hlutafélags við einstaklinga eða lögaðila í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

10. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækis, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.

11. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.“

62. gr.

FME leggur til að frestur FME til þess að tilkynna um veitingu starfsleyfis hlutafélagssjóðs verði lengdur í tvo mánuði til samræmis við athugasemdir við 6. og 7. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið telur þessu ekkert til fyrirstöðu en leggur jafnvart til sambærilega breytingar og gerðar voru á 6. gr. að því er varðar tilkynningu um það þegar umsókn telst fullnægjandi. Ráðuneytið leggur til að 62. gr. frumvarpsins hljóði svo:

„Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það án tafar og eigi síðar en einum mánuði eftir að umsókn barst þegar umsókn telst fullnægjandi.“

64. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 64. gr. sé breytt til samræmis þann áskilnað sem kemur fram í 8. gr. frumvarpsins varðandi heimildir FME til þess að veita hæfilegan frest til úrbóta áður en til afturköllunar kemur. Þar sem ekki verður séð að ástæða sé til þess að veita hæfilegan frest til úrbóta hafi sjóður brotið ítrekað eða með alvarlegum hætti gegn lögnum er lagt til að FME verði aðeins gert að veita frest vegna aðstæðna sem getur í 2. tölul. Því er lagt til að 2. mgr. 64. gr. hljóði svo:

„Áður en til afturköllunar kemur skv. 2. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.“

67. gr.

FME leggur til breytta orðnotkun í 2. másl. 1. mgr. 67. gr. og telur réttara að tala um stjórn hlutafélagssjóðs í stað fjárfestingarsjóðs. Jafnframt telur FME að rétt sé að gera sömu hæfiskröfur til sjóðstjóra hlutafélagssjóðs og til sjóðstjóra verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Ráðuneytið tekur undir athugasemdir FME enda telur ráðuneytið að sömu hæfisreglur eigi að gilda um sjóðstjóra óháð rekstrarformi sjóðs, og leggur til að 1. og 3. mgr. ákvæðisins hljóði svo:

1. mgr.:

„Stjórn hlutafélagssjóðs skal skipuð eigi færri en þremur mönnum. Um stjórn hlutafélagssjóðs og þagnarskyldu fer skv. VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á.“

3. mgr.:

„Framkvæmdastjóri og sjóðstjóri hlutafélagssjóðs skal hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum í samræmi við VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.“

Í 67. – 69. gr. frumvarpsins er fjallað nánar um tilvísanir til laga og kröfur til hlutafélagssjóða. Um eignarhluti og stjórn hlutafélagssjóðs fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki, VI. og VII. kafla laganna og um ársreikninga og endurskoðun fer eftir XI. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Hins vegar gilda að öðru leyti reglur laga um verðbréfavíðskipti, þ.e. um flöggun, yfirtökur, tilboðsskyldu og meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja um hlutafélagssjóði, þó með þeim fyrirvara að umræddir IX. – XIII. kaflar laganna gilda aðeins um hlutabréf sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í samþykktum hlutafélagssjóðs skal kveða á um innlausn ef við á. Það hefur í för með sér að hlutabréfasjóðir geta verið hvort sem er með eða án innlausnarskyldu en það hefur svo aftur áhrif á hvaða reglur gilda um víðkomandi sjóð. Sé innlausnarskylda fyrir hendi verða hlutabréf sjóðsins ekki teki til víðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði. Skv. 5. mgr. 66. gr. frumvarpsins gilda þá ákvæði 51.-53. gr. um útboðslýsingar og útdrátt úr útboðslýsingu og önnur ákvæði frumvarpsins um fjárfestingarsjóði. að öðru leyti. Sé innlausnarskylda ekki fyrir hendi verða hlutabréf sjóðsins tekin til víðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði og þá eiga við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, þ.e. IX- XIII kaflar sem og VI. kafla laganna um skráningar- og útboðslýsingar, sbr. EB reglugerð 809/2004 með síðari breytingum.. Þ.e. verði hlutabréfin tekin til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þá eiga ákvæði 5. mgr. 66. gr. frumvarpsins ekki við.

Orðalagið „eftir því sem við getur átt“ í 5. mgr. 66. gr. frumvarpsins má rekja til þess að tilvísuð ákvæði eru staðsett í H hluta II. kafla og eiga samkvæmt því við um verðbréfasjóði en hér er áréttað að ákvæðin ná jafnframt til fjárfestingarsjóða og hlutafélagssjóða eftir því sem við á.

Því er lagt til að tekið verði fram í 5. mgr. 67. gr. að ákvæði IX. – XIII. kafla um verðbréfavíðskipti gildi um hlutabréfasjóði hverra hlutabréf má taka til víðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Ráðuneytið leggur því til að 5. mgr. 66. gr. frumvarpsins hljóði svo:

„Ákvæði 51. – 53. gr. um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingu gilda um hlutafélagssjóði hverra hlutir verða ekki teknir til víðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, eftir því sem við á.“

Jafnframt leggur ráðuneytið til að 5. mgr. 67. gr. hljóði svo:

„Ákvæði VI. og IX. – XIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti gilda um hlutabréfasjóði sem

eru skráðir á skipulögðum verðbréfamarkaði.“

70. gr.

SFF leggur til þær breytingar á 70. – 73. gr. frumvarpsins að einungis rekstrarfélögum sé heimilt að reka fagfjárfestasjóði og gefa út hlutdeildarskírteini í þeim og telja það vera meira í anda frumvarpsins að leggja takmörk við því hverjir geta stofnað og rekið fagfjárfestasjóði.

Ráðuneytið er ekki hlynnt því að heimila aðeins rekstrarfélögum að reka fagfjárfestasjóði. Slíkum sjóðum er einungis heimilt að markaðssetja og bjóða fagfjárfestum til kaups en ekki almenningi. Það er því ekki hægt að líta svo á að sömu sjónarmið eigi við um neytendavernd í þágu almennings og kveðið er á um í fyrri hluta frumvarpsins. Með því að heimila aðeins rekstrarfélögum að reka og stofna fagfjárfestasjóði væri í raun verið að veita fjármála fyrirtækjum einkarétt til reksturs slíkra sjóða. Í frumvarpinu er leitast við að koma ákveðnum böndum á rekstur fagfjárfestasjóða með því að mæla fyrir um skráningu þeirra og lágmarkseftirlit. Ætlun ráðuneytisins var ekki að raska rekstrarumhverfi sjóðanna eins og þeir eru í dag. Ráðuneytið tekur því ekki undir tillögur SFF og leggst gegn breytingum á umræddu fyrirkomulagi.

FME leggur til að sett verði tímamörk varðandi tilkynningu um stofnun sjóða og leggur til að rekstraraðili skuli tilkynna um stofnun sjóðs innan eins mánaðar frá stofnun hans. Auk þess bentu bæði FME og SFF á að rétt væri að taka fram í efnisákvæði um fagfjárfestasjóði að óheimilt væri að markaðssetja þá og koma þeim á framfæri við almenning.

Ráðuneytið telur að athugasemdir FME um tímamörk varðandi tilkynningu um stofnun sjóða og tillögur FME og SFF um að taka upp efnisákvæði sem kveður á um að markaðssetning sjóðanna til almennings sé óheimil, séu þarfar ábendingar og leggur ráðuneytið því til að 70. gr. frumvarpsins hljóði svo:

„Heimilt er að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Óheimilt er að markaðssetja og koma slíkum sjóði á framfæri við almenning. Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stofnun sjóða samkvæmt þessari grein innan eins mánaðar frá stofnun sjóðsins.

Rekstraraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra sjóða samkvæmt þessari grein og standa einvörðungu eignir einstakra sjóða til fullnustu skuldbindingum hvers sjóðs. Ákvæði þetta vikur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstraraðila.“

71. gr.

FME bendir á tvítekningu í 71. og 72. gr. og leggur til fella niður 2. málsl. 2. mgr. 71. gr. Auk þess leggur FME til að sett verði tímamörk varðandi það hvenær tilkynningar skv. 1. mgr. eru sendar til Fjármálaeftirlitsins og að lokum leggur FME til að bætt verði við nýjum málslíð í 3. mgr. 71. gr. um að ársreikningur fagfjárfestasjóðs skuli ávallt vera fjárfestum

aðgengilegur.

Ráðuneytið telur að tillögur FME séu í samræmi við aðrar athugasemdir um setningu tímamarka og miða jafnframt að þeirri auknu upplýsingagjöf sem frumvarpinu er ætlað að stuðla að. Ráðuneytið telur réttilega á það bent að fella eigi niður 2. másl. 2. mgr. 71. gr. þar sem sambærilegt ákvæði kemur fram í 4. mgr. 72. gr. og leggur til að ákvæðið hljóði svo:

„Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða skulu setja þeim reglur og fjárfestingarstefnu og skal hún ávallt vera fjárfestum aðgengileg.

Samhliða tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 70. gr. skal rekstraraðili senda Fjármálaeftirlitinu reglur og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Allar breytingar skv. 2. mgr. skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu tafarlaust.

Rekstraraðilum fagfjárfestasjóða ber að veita upplýsingar um eignasafn sjóðs í ársreikningi og hálfársuppgjöri. Ársreikningur skal ávallt vera fjárfestum aðgengilegur.“

72. gr.

FME telur rétt að kveða í 4. mgr. á um að breytingar á framkvæmdasjóra rekstrarfélags skuli einnig tilkynna til FME um leið og breytingar verða.

Ráðuneytið tekur undir þetta sjónarmið og telur slíkt vera í samræmi við önnur efnisákvæði frumvarpsins. Lagt er til að 4. mgr. 72. hljóði svo:

„Rekstraraðili fagfjárfestasjóða skal tafarlaust tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á sjóðstjóra og framkvæmdastjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. – 3. mgr. sé fullnægt.“

73. gr.

FME leggur til að notað verði orðalagið „rekstraraðilar“ í stað „rekstrarfélag og aðrir aðilar sem reka fagfjárfestasjóði“ þar sem það hugtak er notað annars staðar í kaflanum. Ráðuneytið tekur undir þessar ábendingar og leggur til að 1. mgr. 73. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða skulu gefa Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga vegna sjóða í þeirra rekstri, á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.“

Jafnframt leggur ráðuneytið til að í nefndaráliti verði hnykkt á umfjöllun FME um 73. gr., þ.e. að því leyti er varðar skyldu rekstraraðila til þess að afla sér upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar á sviði viðkomandi tegundar verðbréfavíðskipta o.fl., sbr. II. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

75. gr.

FME telur nauðsynlegt að heimilt verði að kveða nánar á um eftirlit með starfsemi fagfjárfestastjóða í reglugerð sem ráðherra segur, þar sem slíkt eftirlit er nýmæli og ljóst að móta þarf nánar reglur þar um.

Ráðuneytið fellst á ofangreindan rökstuðning og leggur til að í 75. gr. komi fram að ráðherra sé heimilt að kveða í reglugerð nánar á um eftirlit með fagfjárfestastjóðum.

76. gr.

FME gerir nokkrar athugasemdir við upptalningu og tilvísanir í 76. gr. frumvarpsins þar sem fram koma heimildir FME til þess að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann er brýtur gegn ákvæðum tiltekinna ákvæða.

Ráðuneytið tekur undir með FME að í nokkrum tilvikum virðist hafa láðst að vísa til ákvæða sem full ástæða er til að hafa inni. Ráðuneytið leggur því til að bætt verði við tilvísun til eftirtalinnna ákvæða:

- Tilvísun til 70. gr. um að óheimilt sé að markaðssetja fagfjárfestastjóð til almennings.
- Tilvísun til 73. gr. vantar í upptalningu.
- Í 41. gr. væri rétt að vísa til 1. – 4. mgr. 71. gr. í stað 1. mgr. 71. gr. eingöngu.

84. gr.

SFF leggur til að gildistaka laganna verði 1. júlí 2010 eða síðar.

Ráðuneytið tekur undir þessa ábendingu og leggur til að ákvæðið hljóði svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010 og falla þá úr gildi lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, með síðari breytingum“

Umsögn Seðlabanka Íslands laut ekki að sérgreindum ákvæðum frumvarpsins en vegna umsagnarinnar telur ráðuneytið rétt að taka eftirfarandi fram:

- Að því er varðar tilvísanir til laga um fjármálafyrirtæki þá var nefndinni kunnugt um að fram færi endurskoðun á þeim lögum og hafði til hliðsjónar drög að þeim breytingum sem þar eru lagðar til. Frumvarpið til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki er einmitt í umfjöllun viðskiptanefndar og ætti því að verða hægt um vik að tryggja málefnalega umfjöllun um þau atriði sem þar kunna að skarast.

- Algengt er í lagasetningu hér á landi að kveða á um heimild til handa ráðherra til þess að setja reglugerð um ýmislegt sem þykir þurfa nánari skýringar við en er þess eðlis eða svo sérgreint að ekki á við að setja slíkt í lagaform. Hin ófrávikjanlega regla er auðvitað að reglugerðin eigi sér lagastoð og að ekkert komi fram í reglugerð sem ekki á sér stoð í lögum. Framkvæmdavaldið hefur fengið það hlutverk að tryggja að svo sé við setningu reglugerða hér á landi. Í frumvarpinu er bætt við reglugerðarheimildir til handa ráðherra til viðbótar við þær sem eru óbreyttar frá gildandi lögum. Í 11. gr. er kveðið á um heimild ráðherra til þess að kveða nánar í reglugerð á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða og upplýsingagiöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar. Jafnframt munu ákvæði tilskipunar 2007/16 verða innleidd með reglugerð með vísan til hinnar almennu reglugerðarheimildar sem kemur fram í 75. gr. frumvarpsins. Þar verða sett grunnviðmið sem hafa skal til hliðsjónar við skýringar á hinum ýmsu hugtökum sem fram koma í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu. Drög að umræddum reglugerðum eru í vinnslu og verða væntanlega settar fljótlega eftir að frumvarpið hefur orðið að lögum. Upplýsingar um efni reglugerðar um skýringu hugtaka í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu má finna með því að skoða texta tilskipunar 2007/16 sem er aðgengileg á EES vef utanríkisráðuneytisins, ees.is. Gera má ráð fyrir að reglugerðarákvæði sem lúti að afmörkun á fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs geti hljóðað á þessa leið:

„Verðbréfasjóður skal afmarka fjárfestingarstefnu sína með skýrum hætti. Fjárfestingarstefnu í hverjum eignaflokki skal takmarkast af efri og neðri mörkum sem ekki skulu muna meiru en 60%.“

- Í umsögn Seðlabankans kemur fram að hann telji frumvarpið ekki ganga nógu langt til þess að draga úr líkum á sambærilegum atburðum sem urðu við hrun peningamarkaðssjóða haustið 2008. Ráðuneytið telur mikilvægt að traust vakni á ný á fjármálamarkaði og telja nauðsynlegt að hafa meðalhóf í heiðri. Auðvelt er að ganga of langt við lagasetningu sem þessa þegar svo stutt er liðið frá þeim atburðum sem vísað er til. Bent er á að Fjármálaeftirlitið og bæði Samtök Fjármálaefyrirtækja og Viðskiptaráð styðja efni frumvarpsins og taka jafnframt fram í umsögnum sínum nauðsyn þess að ekki sé gengið of langt í því að torvelða uppbyggingu fjármálamarkaðar hér á landi. Auk þess má geta þess að öll ákvæði frumvarpsins sem lúta að verðbréfasjóðum taka mið af skýrum reglum sem koma fram í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og gefa ekki tilefni til frávika.
- Seðlabankinn telur að setja þurfi skýrari mörk við kaupum sjóða af útgáfum verðbréfa. Fjallað er um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða í F. kafla frumvarpsins. Í 35. gr. frumvarpsins er t.d. ítarlega fjallað um háværk fjárfestingar í verðbréfum og innlánnum frá sama útgefanda og í 40. gr. laganna er að finna ákvæði sem takmarkar verulega heimildir verðbréfasjóða til eignar í tilteknum verðbréfum.
- Ráðuneytið telur ekki mögulegt að binda hendur verðbréfasjóðs það mikið að heimila t.d. ekki innlausn fyrir meira en 1% af eignum sjóðsins samdægurs, þar sem í því gæti falist brot á jafnræði hlutdeildarskírteinishafa. Fjármálaeftirlitið hefur ákveðnar heimildir til þess að krefjast frestunar á innlausn og að lokum má geta þess að í 55. gr. frumvarpsins er kveðið á um upplýsingarskyldu rekstrarfélags að því er varðar upplýsinga um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðs ásamt upplýsingum um

hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila.

- Að lokum gerir Seðlabankinn athugasemd við 17. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um rekstur verðbréfasjóða, þar sem Seðlabankinn telur óeðlilegt að mat á eignum sjóðsins sé í höndum sjóðstjóra. Ákvæðið byggir á 5. gr. UCITS-tilskipunarinnar og felur því í sér innleiðingu á réttarástandi sem er við lýði um alla Evrópu. Umrædd tilskipun er undir endurskoðun og verður leyst af hólmi með tilskipun 65/2009 um sameiginlega fjárfesting sem skal innleiða á næsta ári. Ráðuneytið leggur til að ákvæðið verði skoðað sérstaklega við endurskoðun laganna þegar þar að kemur.